

Jafnlaunastefna Landbúnaðarháskóla Íslands

Jafnlaunastefna Landbúnaðarháskóla Íslands Landbúnaðarháskóli Íslands hefur það að markmiði að tryggja öllu starfsfólki jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Markmiðið er að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls og menntun, reynsla og viðhorf kvenna jafnt sem karla séu metin að verðleikum. Þá skal þess sérstaklega gætt að starfsfólki sé ekki mismunað í launum vegna kynferðis eða annarra ómálefnalega ástæðna (svo sem trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, kynhneigðar, kyngervis, aldurs eða stöðu).

Landbúnaðarháskólinn skuldbindur sig með stefnu þessari til að framfylgja gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (150/2020) sem og jafnréttisáætlun skólans. Ennfremur skal þeirri meginreglu fylgt að konum og körlum skuli greidd sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Launajafnrétti Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun. Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

Þá mun Landbúnaðarháskólinn gera eftirfarandi ráðstafanir til að framfylgja jafnlaunastefnunni:

- Skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi og tryggja stöðugar umbætur í samræmi við ákvæði laga nr. 150/2020.
- Gera launagreiningu einu sinni á ári til þess að ganga úr skugga um hvort kynbundinn, eða annar ómálefnalegur launamunur sé til staðar og kynna niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Setja verklagsreglur um viðbrögð við óútskýrðum launamun.
- Framfylgja verklagsreglunum í því skyni að útrýma óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum.
- Framkvæma árlega rýni æðstu stjórnenda á árangur kerfisins sem og á hlítinu við lög og reglur um jafnlaunakerfi.
- Sjá til þess að starfsfólki sé hverju sinni kunnugt um tilurð og inntak launastefnu og jafnlaunastefnu Landbúnaðarháskóla Íslands og gæta þess að stefnurnar séu aðgengilegar bæði starfsfólki og almenningi.

Háskólaráð og rektor bera, sem æðstu stjórnendur, ábyrgð á jafnlaunastefnu Landbúnaðarháskóla Íslands, að jafnlaunakerfi skólans byggi á jafnlaunastefnu og starfsmannastefnu og að lagalegum kröfum sem tengist jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Mannauðs- og gæðastjóri, í umboði framangreindra aðila, ber ábyrgð á innleiðingu, framfylgni og viðhaldi jafnlaunakerfis í samræmi við ÍST 85 staðalinn, og skal m.a. sjá til þess að árleg innri rýni fari fram fyrir lok hvers almanaksárs. Jafnlaunastefna þessi er órjúfanlegur hluti af launastefnu Landbúnaðarháskóla Íslands.

Samþykkt af háskólaráði 30. október 2019

Ábyrgð: Rektor- Ragnheiður I Þórarinsdóttir
Útgáfa: 12.0
Útgáfudagsetning: 12.4.2023

Bls: 1